

Allur gjafsóknarkostnaður, þ.m.t. gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hrl., kr. 150.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 216/1987. **Sýslusjóður Mýrasýslu**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Óðni Sigbórssyni

og gagnsök

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði færðar niður til verulegra muna. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar.

Hann gerir þessar dómkröfur:

„1.1. *Aðallega* að aðaláfrýjandi Sýslusjóður Mýrasýslu verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.129.968,- með 5% ársvöxtum af kr. 244.526,- frá 1. desember 1982 til 1. desember 1983, en af kr. 499.391,- frá þeim degi til 1. desember 1984, en af kr. 811.650,- frá þeim degi til 1. desember 1985, en af kr. 1.129.968,- frá þeim degi til dómtökudags í héraði 8. desember 1986, en með

dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan áfram hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina eftir 8. desember 1986 að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. desember 1987.

1.2. *Til vara* að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 683.066,- með 45% ársvöxtum af kr. 74.690,- frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 212.866,- frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1984, en með 19% ársvöxtum af kr. 407.066,- frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en með 45% ársvöxtum af kr. 683.066,- frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1983, og síðan árlega 1. janúar ár hvert, en til vara í fyrsta sinn 1. desember 1983 og síðan árlega 1. desember ár hvert.

2. Að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar vegna málskostnaðar í matsmáli að fjárhæð kr. 80.000,- með 27% ársvöxtum frá 1. ágúst 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir héraðsdómi skv. gjaldskrá LMFÍ og beri málskostnaðarfjárhæð 27% ársvexti frá dómtökudegi

í héraði 8. desember 1986 til 1. mars 1987, en 30% ársvexti frá þeim degi til 14. apríl 1987, en dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Um vexti á málskostnaðinn verði tekið fram, að þeir skuli bætast við þann málskostnaðarhöfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 8. desember 1987.

4. Að aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti skv. gjaldskrá LMFÍ. Beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá *aðallega* dómþökudegi en *til vara* þeim degi er dómur verður aðfararhæfur og til greiðsludags.“

I.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti benti lögmaður gagnáfrýjanda á þrjú atriði, sem hann taldi ágalla á áfrýjun af hálfu aðaláfrýjanda. Ekki gerði hann þó kröfu um frávisun aðalsakarinnar. Þessi atriði voru að áfrýjunarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 30. júní 1987 væri gefið út til Guðmundar Péturssonar, Austurstræti 6 í Reykjavík, en ekki sýslusjóðs Mýrasýslu. Þá ætti heimilisfangið ekki við lögmann aðaláfrýjanda, sem hefði starfsstöð við Aðalstræti. Loks væri áfrýjunarleyfisins ekki skilmerkilega getið í áfrýjunarstefnu, þótt svo eigi að vera eftir 20. gr. 2. mgr. laga nr. 75/1973. Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, Aðalstræti 6, er og hefur verið lögmaður aðaláfrýjanda og kom fram af hans hálfu, þegar áfrýjað var. Þau atriði, sem rakin voru, eru bersýnilega skekkjur, sem ekki leiða til ónýtingar aðalsakar, sbr. meginregluna í 195. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 þessu til stuðnings.

II.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um bætur fyrir veidimissi í Hvítá fyrir jörðinni Einarsnesi í Borgarhreppi árin 1982-1985 að báðum meðtöldum. Hann byggir á gerðardómi frá 1959 um það, að bótaréttur sé til staðar. Síðan byggir hann á matsgerð frá 1986 um tvennt. Í fyrsta lagi það, að hann geti kafið aðaláfrýjanda um bætur eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, og í öðru lagi um það, hve háar þær skuli vera.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að gerðardómurinn frá 1959 sé úr gildi fallinn vegna ákvæða laga nr. 76/1970. Standi 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 því í vegi, að aðaláfrýjanda sé skylt að hlíta lagaákvæðum um að hann greiði gagnáfrýjanda þær bætur, sem hér er um fjallað. Þó að svo yrði litið á að þetta stjórnarskrárákvæði ætti ekki við, færi um bætur til gagnáfrýjanda eftir 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, en þar sé bótaábyrgðin lögð á aðra aðila en aðaláfrýjanda. Loks er því haldið fram af hálfu aðaláfrýjanda til vara að hann beri, hvernig sem málið fer að öðru leyti, að sýkna af kröfu um bætur vegna árána 1984 og 1985.

III.

Af hálfu aðaláfrýjanda er sýknukrafan rökstudd með því einum þræði sem fyrr segir að andstætt sé ákvæðum stjórnarskrár að almenn lög mæli fyrir um það að skaðabætur vegna lögmæltra eignaskerðinga — í því tilviki sem hér er um fjallað vegna takmarkana á lax- og silungsveiði — skuli greiddar úr sýslusjóði ef eignaskerðingin sé ekki í þágu sýslufélagsins. Byggir aðaláfrýjandi einkum á 67. gr. stjórnarskrárinnar þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi þarf ekki sérstaklega um það að fjalla hvort veiðitakmarkanir þær sem lögmæltar eru í 35. gr. laga nr. 53/1957 hafi verið þess eðlis að þær hafi einungis mátt gera gegn greiðslu bóta. Ætla má að þessar takmarkanir hafi verið reistar á því viðhorfi að þó að þær yrðu nokkrum veiðiréttareigendum til tjóns mundu þær stuðla að aukinni veiði hjá til muna fleiri veiðieigendum sem veiðirétt ættu ofar á vatnasvæði og væri þetta sýslufélagi óbeint til hagsbóta. En hvað sem því líður skjóta hin tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar ekki loku fyrir, eins og hér stóð á, að almenni löggjafinn mælti fyrir um hlutdeild sýslusjóða í þeim skaðabótagreiðslum sem um var að tefla. Þá er og á það að líta að sýslufirvöld Mýrasýslu féllust í verki á greiðsluskyldu sína með því fyrst að semja um að gerðardómur ákvæði skaðabótafjárhæð samkvæmt áðurnefndri 35. grein og síðan að greiða gagnáfrýjanda bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins allt til ársins 1969. Greiðslur eftir það sýnast hafa verið inntar af hendi með þeim fyrirvara að greiðsluskyldu væri eigi fyrir að fara.

Samkvæmt þessu verður Sýslusjóður Mýrasýslu ekki sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað.

IV.

Þær skorður sem reistar eru í 35. gr. laga nr. 76/1970 við lax- og silungsveiði með föstum veiðivélum og takmarka möguleika gagnáfrýjanda til veiði fyrir landi sínu, eru öldungis hinar sömu og lögleiddar höfðu verið með 35. gr. laga nr. 53/1957. Einungis var hið sérstæða bótaákvæði í 35. gr. hinna eldri laga felld niður með 15. gr. laga nr. 38/1970. Síðast greind lög voru samkvæmt heimild í 64. gr. þeirra felld inn í lög nr. 53/1957 og þau endurútgefin sem lög nr. 76/1970.

Þegar lög nr. 38/1970 tóku gildi höfðu gagnáfrýjanda verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi hans, þann er leiddi af lög-
töku 35. greinar laga nr. 53/1957. Voru þær bætur ákveðnar eftir fyrir-
mælum nefnds ákvæðis, en með nokkrum afbrigðum. Þannig voru bæturnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðaláfrýjanda ákvarðaðar af yfirmatsmönnum samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 sem gerðardómsmönnum. Í gerð sinni viku þeir og frá ákvæðum 35. gr. um ákvörðun skaðabótanna. Var það gert til að samrýma bótaákvæði þetta þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar 67. gr. stjórnarskrárinnar svo og meginreglum laga að því er í úrskurði þeirra segir. Er þetta allt gjörli rakið í hinum áfrýjaða dómi, sem og það að úrskurði þessum hlíttu bæði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi meðan lög nr. 53/1957 héldust óbreytt í gildi.

V.

Í lögum nr. 76/1970 er ekkert ákvæði, sem ótvírætt mælir fyrir um að þeir menn, sem fengið höfðu sér ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957, en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta, en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Verður ekki litið svo á að breyting sú er gerð var 1970 á lögum nr. 53/1957 standi því í vegi ein sér að gagnáfrýjandi megi krefja aðaláfrýjanda um skaðabætur fyrir veiðimissi 1970 og síðar á grundvelli þess úrskurðar sem gerðardómsmenn kváðu upp hinn 29.

september 1959, svo sem hann gerir í máli þessu um að bótaréttur sé til staðar.

VI.

Sem fyrr segir hélt lögmaður aðaláfrýjanda því fram þegar mál þetta var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, að ekki gæti komið til bótagreiðslu vegna árána 1984 og 1985, hver sem úrslit málsins ella yrðu, þar sem í gerðardóminum frá 1959 væri aðeins mælt um bætur í 25 ár.

Lögmaður gagnáfrýjanda ítrekaði kröfu sína og studdi það bæði efnisrökum og réttarfarsrökum. Taldi hann í fyrsta lagi að hér væri um nýja málsástæðu að ræða, sem hvorki hefði komið fram í héraði, í áfrýjunarstefnu eða greinargerð fyrir Hæstarétti. Ætti hún því ekki að koma til álitu skv. 45. gr. laga nr. 75/1973. Væri og ljóst að aðaláfrýjandi hefði til þessa jafnan á því byggt að gerðardómurinn frá 1959 hefði ekki þýðingu eftir gildistöku laga nr. 76/1970. Í gerðardóminum væri og ljóslega út frá því gengið að bæturnar skyldi greiða ótímabundið. Hið sama kæmi beinlínis fram í matsgerðinni 1986.

Lögmaður aðaláfrýjanda hafði þau andsvör, að hann hefði jafnan krafist sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og rökstutt þá kröfu með því að um greiðsluskyldu væri ekki að ræða. Í greinargerð hans í héraði segði, að það væri „ótæk niðurstaða að greiða bætur á hverju ári, árum saman. Þær hljóta nú að vera að fullu greiddar, hafi þá einhverntíma verið lögskýlt að greiða þær.“ Sama sjónarmið hefði komið fram í skjali frá oddvita sýslunefndar, sem lagt hefði verið fram í héraði, svo og í greinargerð í matsmálinu sem lauk 1986. Hefði þess vegna komið nægilega fram, að á þessu sjónarmiði væri byggt til rökstuðnings sýknukröfunni. Lögmaðurinn kvað sýknukröfuna að sönnu aðallega rökstudda með því, að aðaláfrýjanda væri óskýlt að greiða bætur eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Færi svo mót von sinni að kröfur gagnáfrýjanda yrðu teknar til greina og byggt á gerðardómnum frá 1959 og matsgerðinni frá 1986 hlyti að mega koma að þeim rökum að eftir gerðardómnum væri greiðsluskyldan takmörkuð við 25 ár.

Skerðing sú, sem varð á veiðiheimildum gagnáfrýjanda, var vegna laga nr. 53/1957 og kom til framkvæmda við gildistöku þeirra. Gerðardómur gekk um bótaskyldu og bætur 1959. Í honum var ekki

ljóslega sagt, hvort bætur skyldi greiða í 25 ár eða lengur. Skýringargögn skera ekki heldur úr.

Úrslitum ræður, að í 35. gr. laga nr. 53/1957 segir að greiðsla bóta skiptist á 25 ár. Um þau atriði, sem gerðardómurinn er ekki afdráttarlaus, verður að fara eftir lögnum. Er hin efnislega niðurstaða því sú að aðaláfrýjanda sé ekki, hvað sem líður bóta-skyldu hans að öðru leyti, skylt að greiða bætur fyrir árin 1984 og 1985, enda er ekkert í lögum nr. 76/1970, sem leiðir til annarrar niðurstöðu og yfirmatsgerðin 1986 eða fyrri yfirmatsgerðir geta ekki breytt því réttarsambandi, sem kveðið var á um árið 1959.

Þarf þá að skera úr því, hvort réttarfarsástæður valdi því að dæma beri aðaláfrýjanda til greiðslu bóta fyrir árin 1984 og 1985 í þessu máli hvað sem efnisrétti líður. Í þeim gögnum, sem liggja fyrir Hæstarétti, kemur ekki fram að af hálfu aðaláfrýjanda hafi þess verið ljóslega krafist, eða það rökstutt fyrr en í munnlegum flutningi hér fyrir dómi, að sýkna beri af kröfunni um bætur fyrir árin 1984 og 1985, hvernig sem fer um bætur fyrir árin 1982 og 1983. Hér er þó þess að gæta, að aðaláfrýjandi hefur jafnan krafist sýknu og að atvikalýsing í málinu felur í sér frásögn af samskiptum aðila allt frá 1957. Þess er ennfremur að gæta að í yfirlýsingum aðaláfrýjanda og lögmanns hans felst engin viðurkenning á því að um bætur fyrir árin 1984 og 1985 skuli fara með sama hætti og fyrri ár. Aðalþáttur ágreinings aðila um þetta er lagalegs eðlis, en varðar ekki atvik, sem viðbótargögn þarf um. Eftir meginreglu 45. gr. laga nr. 75/1973 verður því að hafna því, að réttarfarsástæður standi því í vegi að dómur gangi um efnisrök þau, sem fram hafa komið frá aðaláfrýjanda hér fyrir dómi og lýst var.

Samkvæmt framanskráðu verður aðaláfrýjandi sýknaður af bóta-kröfum gagnáfrýjanda vegna áranna 1984 og 1985.

VII.

Með gerðardómsúrskurðinum 29. september 1959 sem aðaláfrýjandi er bundinn af gagnvart gagnáfrýjanda á þann veg sem fyrr greinir, voru bætur til gagnáfrýjanda ákveðnar sem tiltekið árgjald sem aðiljum var þó heimilað að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 til breytingar ef aðstæður breyttust, eftir því sem nánar sagði í úrskurðinum.

Það leiddi af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 höfðu leyst lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn samkvæmt hinum nýju lögum.

Í flutningi málsins fyrir Hæstarétti kom fram að af hálfu aðaláfrýjanda er ekki mótmælt niðurstöðu þeirri, sem yfirmatsmenn komust að 25. júní 1986 varðandi tjón gagnáfrýjanda árin 1982 og 1983, ef til bóta á að koma. Verður niðurstaða þeirra lögð til grundvallar um bótafjárhæð.

Gerðardómurinn frá árinu 1959 er grundvöllur réttar gagnáfrýjanda til bóta. Eftir gerðardómnum skyldi aðaláfrýjandi greiða fjórðung bótanna, sbr. 35. gr. 3. mgr. laga nr. 53/1957. Í lögum nr. 76/1970 er ekki sagt að 95. gr. þeirra leiði til breytinga á réttarsambandi, sem stofnað var til í gildistíð laga nr. 53/1957 þannig að skyldur aðaláfrýjanda aukist að því er hlutdeild í bótum varðar. Verður því að telja að hlutur sýslusjóðsins skuli vera óbreyttur eftir gildistöku laganna frá 1970. Fá yfirmatsgerðir þær, sem fyrir liggja, fyrst frá 1973 og síðast frá 1986, ekki breytt þeirri niðurstöðu, sem byggð er á lögum. Aðaláfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda en þess til vara að fjárhæðir verði lækkaðar. Byggja verður á því að greiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fyrir árin 1970-1981 hafi verið inntar af hendi með þeim fyrirvara að ekki væri um greiðsluskyldu að ræða. Verður honum því gert að greiða gagnáfrýjanda fjórðung tjóns hans á árunum 1982 og 1983.

VIII.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda fjórðung af tjóni hins síðarnefnda á árunum 1982 og 1983. Eftir matinu, sem fyrr er nefnt, var helmingur tjónsins talinn

1982	74.690 krónur
1983	<u>138.176 krónur</u>
alls	212.866 krónur

en fjórðungur tjónsins er þá 106.433,00 krónur.

Af hálfu gagnáfrýjanda er þess krafist í aðalkröfu að við skaðabæturnar bætist verðbætur til jafns við breytingar á lánskjaravísitölu, en vextir verði síðan 5% á ári. Er þessari kröfu lýst í héraðs-

dómi. Ber að fallast á það, sem þar segir um þessa verðbótakröfu. Verða gagnáfrýjanda dæmdir vextir eftir varakröfu hans í 1. kröfulið, svo sem nánar greinir í dómsorði. Þess er að gæta að í varakröfu gagnáfrýjanda um vexti felst ekki krafa um dómvexti. Verða honum dæmdir vaxtavextir frá 1. febrúar 1985, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 18. janúar 1985, þannig að vöxtum sem á falla eftir nefndan dag skal bæta við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Gagnáfrýjandi krefst sérstaklega málskostnaðar í matsmáli því, sem rekið var til að fá mat yfirmatsmanna, sem starfa skv. 94. gr. 3. mgr. laga nr. 76/1970. Gekk ágreiningurinn beint til þeirra eins og heimilað er í 4. mgr. lagagreinarinnar. Matsgerðin er dagsett 25. júní 1986. Kröfur þær, sem gagnáfrýjandi setti fram og matsmenn fjölluðu um, eru teknar orðrétt upp í hinn áfrýjaða dóm. Málið er nú dæmt á þann veg að matið nýtist aðeins að hluta. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda þriðjung þessa kostnaðar sem hluta málskostnaðar.

Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti með vöxtum. Úrslit málsins hér fyrir dómi eru ekki hin sömu og í héraði og er því eigi unnt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Er rétt að dæma gagnáfrýjanda málskostnað í einu lagi úr hendi aðaláfrýjanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn 100.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum. Ekki er unnt að taka til greina kröfu um vexti af málskostnaði. Er það fordæmisregla í íslenskum rétti að slíka vexti skuli eigi dæma, sbr. til dæmis hæstaréttardóm 29. febrúar sl. í hæstaréttarmáli nr. 24/1987.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sýslusjóður Mýrasýslu, greiði gagnáfrýjanda, Óðni Sigbórssyni, 106.433,00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: af 37.345,00 krónum: 45% frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, síðan 37% til 21. október s.á., síðan 36% til 21. nóvember s.á., síðan 32% til 1. desember s.á.; af 106.433,00 krónum: 32% frá 1. desember 1983 til 21. s.m., síðan 25% til 21. janúar 1984, síðan 19% til 1. janúar 1985,

síðan 32% til 1. febrúar s.á., síðan 39% til 1. mars s.á., síðan 48% til 1. júní s.á., síðan 42% til 1. september s.á., síðan 45% til 1. mars 1986, síðan 33% til 1. apríl s.á., síðan 27% til 1. mars 1987, síðan 30% til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá síðastgreindum degi til greiðsludags. Vöxtum sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 1. febrúar 1985 skal bætt við hann á 12 mánaða fresti frá þeim degi, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. desember 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 8. desember 1986 höfðaði Sigríður Guðmundsdóttir, nnr. 7620-1064, Einarsnesi, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. óskipts félagsbús hennar og Sigþórs Þórarinssonar og dánarbús hans gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. Sýslusjóðs Mýrasýslu, nnr. 6584-4354, Borgarnesi, með þingfestingu málsins 12. janúar 1984.

Hinn 1. janúar 1984 eignaðist Óðinn Sigþórsson jörðina Einarsnes, en mál þetta snýst um réttindi tengd jörðinni. Í þinghaldi 2. maí 1984 var dóminum tilkynnt að Óðinn hefði tekið við sóknaraðild málsins.

Hinn 10. september 1986 höfðaði stefnandi framhaldssök með framlagningu framhaldsstefnu í dóminum, en af hálfu stefnda hafði verið samþykkt að framhaldssök yrði höfðuð án stefnubirtingar.

Mál þetta var endurupptekið til frekari gagnaöflunar 22. þ.m., flutt á nýjan leik og dómtekið sama dag.

Með úrskurði uppkveðnum 12. janúar 1984 vék hinn reglulegi dómari, Rúnar Guðjónsson sýslumaður, sæti í málinu. Með bréfi Dóms- og krikjumálaráðuneytisins dags. 17. febr. 1984 var Friðgeir Björnsson borgardómari skipaður setudómari í málinu.

Dómkröfur stefnanda í frumsök og framhaldssök eru þessar:

1.1. *Aðallega* að stefndi Sýslusjóður Mýrasýslu verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.129.968,00 með 5% ársvöxtum af kr. 244.526,00 frá 1. desember 1982 til 1. desember 1983, en af kr. 499.391,00 frá þeim degi til 1. desember 1983, en af kr. 811.650,00 frá þeim degi til 1. desember 1984, en af kr. 1.129.968,00 frá þeim degi til dómtökudags 8. desember 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði

tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir dómtökudeginum, en *til vara* í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir dómtökudaginn.

1.2. *Til vara* að stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 683.066,00 með 45% ársvöxtum af kr. 74.690,00 frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 212.866,00 frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1984, en með 19% ársvöxtum af kr. 407.066,00 frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en með 45% ársvöxtum af kr. 683.066,00 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið fram um vextina að þeir skuli leggjast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar 1983, og síðan árlega 1. janúar ár hvert, en *til vara* í fyrsta sinn 1. desember 1983 og síðan árlega 1. desember ár hvert.

2. Að stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til greiðslu skuldar vegna málskostnaðar í matsmáli að fjárhæð kr. 80.000,00 með 27% ársvöxtum frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags.

3. Að stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu skv. gjaldskrá LMFÍ og beri málskostnaðarfjárhæð 27% ársvexti frá *aðallega* dómtökudegi, en *til vara* þeim degi er dómur verður aðfararhæfur. Um vexti á málskostnaðinn verði tekið fram að þeir skuli bætast við þann málskostnaðarhöfuðstól sem vextir reiknast af á 12 mánaða fresti, *aðallega* í fyrsta sinn 1. janúar næstan á eftir upphafstíma vaxtanna en *til vara* í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafstímann.

Dómkröfur stefnda í báðum sökum eru þær *aðallega* að hann verði algerlega sýknaður en *til vara* að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu í báðum sökum.

Málavextir, málsástæður og lagarök:

Eins og að framan greinir er stefnandi eigandi jarðarinnar Einarsness, og í máli þessu krefur hann stefnda um bætur fyrir skerðingu veiðiréttinda

jarðarinnar í Hvítá í Borgarfirði. Stefnandi krefur um bætur vegna áranna 1982 - 1985 að báðum meðtöldum. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðun á kröfu sinni sem miðuð er við hvert ár fyrir sig, bæði með og án þeirra verðbóta sem hann krefst að stefndi greiði sér.

Sundurliðunin er sem hér segir:

1982:

$$\text{kr. } 74.690,00 \times \frac{1542}{471} = \text{kr. } 244.526,00$$

1983:

$$\text{kr. } 138.176,00 \times \frac{1542}{836} = \text{kr. } 254.865,00$$

1984:

$$\text{kr. } 194.200,00 \times \frac{1542}{959} = \text{kr. } 312.259,00$$

1985:

$$\text{kr. } 276.000,00 \times \frac{1542}{1337} = \text{kr. } 318.318,00$$

kr. 1.129.968,00

Krafa stefnanda án verðbóta nemur kr. 683.066,00.

Samkvæmt ákvæðum 35. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði skertust veiðiréttindi Einarsness í Hvítá. Með eiganda jarðarinnar, Sigþóri Þórarinssyni, og þeim sem krafðir voru um bætur vegna skerðingar á veiði, Sýslusjóði Mýrasýslu og ríkissjóði, varð samkomulag um að yfirmatsmenn skv. XVI. kafla laga nr. 53/1957 skipuðu gerðardóm.

Fleiri jarðeigendur við Hvítá en eigandi Einarsness voru aðilar að gerðardómssamningnum og gerðardómsmálinu.

Að því er best verður af gerðardóminum séð þá var réttur eiganda Einarsness til bóta óumdeildur, en deilt um bótafjárhæð og fyrirkomulag greiðslu. Þá segir í gerðardóminum að fallist hafi verið á, af hálfu ríkissjóðs, að yfirmatsmennirnir dæmi sem gerðardómur um stjórnskipulegt gildi 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957. Ekki kemur glöggst fram í gerðardóminum hver gerði þá kröfu sem ríkissjóður féllst á.

Hvernig sem því var varið, þá varð niðurstaða gerðardómsins m.a. sú að ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 um greiðslu bóta fyrir veiðiskerðingu á 25 árum leiddu til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu þar sem gera mætti ráð fyrir að verðgildi peninga breyttist í framtíðinni. Ennfremur að ákvörð-

un skaðabóta í eitt skipti fyrir öll samkvæmt 35. gr. og greiðsla þeirra á 25 árum leiddu til ótækrar niðurstöðu er yrði í algeru ósamræmi við meginreglur laga.

Í framhaldi af þessu segir orðrétt í gerðardóminum:

„Samkvæmt þessu telja gerðardómendur eigi aðra leið færa en að kveða á árlegt gjald sem greiðist að loknum veiðitíma hvers árs. Aðiljum, veiðieiganda, ríkissjóði eða sýslusjóði, skal hins vegar vera rétt að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 árgjald það sem í gerðardómi þessum er ákveðið, þá er breyting verður á rennsli Hvítár, verð á laxi breytist eða aðrar breytingar verða á aðstæðum, er meginmáli skipta.“

Þá benda gerðardómendur á að hægt sé að skilja ákvæði 3. tl. 35. gr. á mismunandi vegu, en á hvern veginn sem það verði skilið geti það haft í för með sér slíka mismunun veiðieigenda að eigi fái samrýmst sjónarmiðum þeim sem liggja til grundvallar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar telja gerðardómendur rétt að hafa hliðsjón af vilja löggjafans til að takmarka bótagreiðslur vegna ákvæðis laganna um lengd fastra veiðivéla þannig að einstökum veiðieigendum sé eigi mismunað.

Gerðardómendur dæma eiganda Einarsness bætur fyrir veiðiskerðingu árin 1958 og 1959.

Á grundvelli framangreinds gerðardóms voru eiganda Einarsness ákvarðaðar bætur allt til ársins 1969, en gerðardómsmennirnir munu hafa metið tjónið í gerðardómi árin 1961, 1964, 1967 og 1970.

Með lögum nr. 38/1970 voru gerðar breytingar á lögum nr. 53/1957 og þau lög svo breytt gefin út að nýju sem lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Reglum laganna um greiðslu bóta fyrir veiðiskerðingu var breytt.

Í 35. gr. laga nr. 53/1957 sagði m.a. eftirfarandi: „Nú rýrnar veiði-aðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Skaðabætur greiðast að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði og að $\frac{1}{4}$ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár.“

95. gr. laga nr. 76/1970 er svohljóðandi:

„1. Nú hefur veiðieigandi er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirfara honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 94. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hluta eiga.

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur

veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.“

Hinn 4. ágúst 1972 ritaði eigandi Einarsness gerðardómsmönnum bréf og krafðist þess að sér yrðu úrskurðaðar bætur fyrir árið 1970 vegna skerðingar á veiði í Hvítá fyrir landi jarðarinnar. Gerðardómsmennirnir höfðu þá verið skipaðir yfirmatsmenn skv. 3. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970.

Af hálfu eiganda Einarsness og ríkissjóðs var talið rétt að yfirmatsmennirnir úrskurðuðu bætur sem gerðardómendur, en því var mótmælt af hálfu stefnda, Sýslusjóðs Mýrasýslu. Stefndi taldi gerðardómssamning aðila niður fallinn vegna þess að bótaákvæðum lax- og silungsveiðilaganna hefði verið gjörbreytt með lögum nr. 76/1970. Stefndi mótmælti því að honum bæri skylda til að greiða eiganda Einarsness bætur. Stefndi féllst hins vegar á það að matið yrði endanlegt og bindandi hvað fjárhæðir snerti og sömuleiðis að ganga framhá undirmati. Gerðardóms- og yfirmatsmennirnir taka fram í úrskurði sínum frá 23. maí 1973 að þeir ákveði bætur til eiganda Einarsness með sama hætti hvort sem þeir teljist gerðardómendur eða yfirmatsmenn skv. 3. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970, en í ákvörðun þeirra segir m.a. svo:

„Samkvæmt gögnum þeim er fyrir liggja og athugun á vettvangi telja undirritaðir að tjónbætur til sækjanda máls þessa beri að ákveða samkvæmt 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Gætt hefur verið fyrir mæla 2. töluliðs 95. gr. laganna.

Að athuguðum öllum gögnum og aðstæðum eru bætur til sóknaraðila, Sigþórs Þórarinssonar, fyrir árið 1970 ákveðnar kr. 300.000,00 auk 7% ársvaxta frá 4. ágúst 1972.

Framangreindar bætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu, svo og kr. 20.000,00, málflutningslaun Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns.“

Gerðardóms- og yfirmatsmennirnir ákveða eiganda Einarsness síðan bætur 18. júní 1974 og þá fyrir árin 1971 - 1973, 3. maí 1976 ákveða þeir eigandanum bætur væntalega fyrir árin 1974 og 1975, en ákvörðunin frá 3. maí hefur ekki verið lögð fram í málinu. Loks hinn 13. júní 1977 ákvarða gerðardóms- og yfirmatsmennirnir eiganda Einarsness bætur fyrir árið 1976. Úrskurðirnir frá 1974, 1976 og 1977 eru nánast samhljóða úrskurðinum frá 1973 að öðru leyti en um bótafjárhæð.

Árið 1977 varð að samkomulagi milli eiganda Einarsness, stefnda og ríkissjóðs að bótafjárhæðin fyrir árið 1976 yrði framreiknuð samkvæmt almennum verðlagsbreytingum og með hliðsjón af laxveiði og hækkun búvöruverðs til bænda og bætur greiddar samkvæmt þeim framreikningi. Fór

svo fram um bætur fyrir árin frá 1977 til 1981. Stefndi greiddi helming og ríkissjóður helming.

Haustið 1982 mun eigandi Einarsness hafa óskað eftir greiðslu bóta vegna ársins 1982 á sama grundvelli. Bótafjárhæð framreiknuð fyrir árið 1982 nam kr. 149.380,00. Ríkissjóður greiddi helming þeirrar fjárhæðar. Af hálfu stefnda var kröfu eiganda Einarsness um greiðslu bóta formlega hafnað með bréfi sýslumanns dags. 14. mars 1983.

Í frumsök í málinu krafði stefnandi stefnda um bætur vegna veiðiskerðingar árin 1982 og 1983 og byggði kröfu sína á því að stefnda bæri að greiða helming bóta fyrir hvort ár. Bótafjárhæðin var fundin með sama framreikningi á bótum fyrir árið 1976 og tíðkast hafði til ársins 1981. Ríkissjóður hafði greitt helming bótafjárhæðarinnar fyrir bæði árin.

Í þinghaldi í máli þessu 24. apríl 1985 er eftirfarandi bókað:

„Dómarinn beinir þeim tilmælum til lögmanna aðila að láta framkvæma mat á því hvort veiðiskerðing fyrir landi Einarsness sé fyrir hendi, og ef sú verði niðurstaðan hvort hún sé meiri háttar, sbr. 1. og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 og hvert tjón eiganda Einarsness af veiðiskerðingu árin 1982 og 1983 hafi þá verið. Fyrra atriðið þykir snerta málatilbúnað stefnda, en síðara atriðið málatilbúnað stefnanda.“

Aðilar málsins urðu sammála um að ganga framhá undirmati og snúa sér beint til yfirmatsmanna samkvæmt heimild í 4. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970, sem þeir gerðu með matsbeiðni dags. 29. apríl 1985.

Yfirmatsgerðin er dags. 25. júní 1986. Í matsgerðinni koma fram kröfur aðila fyrir yfirmatsmönnum. Segir þar svo:

„Eigandi Einarsness hefir gert eftirfarandi kröfur fyrir yfirmatsnefndinni:

1. Að matsnefndin staðfesti að fyrir liggja bindandi úrlausn í eitt skipti fyrir öll um að skerðing sú sem varð á Einarsnesveiðum við setningu 35. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 35. gr. laga nr. 76/1970 sé þess háttar skerðing sem 1. mgr. sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 fjallar um. Staðfesting þessi verði veitt með frávisun á kröfu Sýslunefndar Mýrasýslu um að skerðing þessi verði talin falla undir 3. mgr. 95. gr. eða með beinni viðurkenningu yfirmatsnefndarinnar eftir því hvorn háttinn hún telur réttan.

2. Verði ekki orðið við kröfunni skv. 1. tl. er þess krafist að yfirmatsnefndin úrskurði að þar greind skerðing á Einarsnesveiðum falli undir 1. mgr. sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

3. Þá er þess krafist að metnar verði hæfilegar bætur úr hendi matsbeiðandans Sýslunefndar Mýrasýslu til handa eiganda Einarsness vegna fyrrgreindrar veiðiskerðingar árin 1982 til og með 1985 (þ.e. hæfileg helmingshlutdeild sýslusjóðs skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970), jafnháar bætur og ríkissjóður hefur greitt nefnd ár, en þær hafa numið:

Árið 1982 kr. 74.690,00

Árið 1983 kr. 138.176,00

Árið 1984 kr. 194.200,00

Árið 1985 kr. 276.000,00

Þá krefst eigandi Einarsness hæfilegs matskostnaðar fyrir yfirmatsnefndinni úr hendi Sýslunefndar Mýrasýslu.

Sýslunefnd Mýrasýslu hefir gert þær kröfur að yfirmatsnefndin synji eiganda Einarsness um allar frekari bætur úr hendi Sýslusjóðs Mýrasýslu á því tjóni sem jarðeigandinn telur sig hafa beðið við setningu 35. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 35. gr. laga nr. 76/1970.

Líti yfirmatsnefndin hins vegar svo á að um bótagrundvöll sé að ræða verði fjárhæðir færðar niður til verulegra muna frá þeim tölum sem jarðeigandi byggir á og greiðsluskylda þá lögð á eigendur veiðiréttar í fiskihverfinu skv. 3. tl. 95. gr.

Sýslunefndin gerir ekki sjálfstæða kröfu um málskostnað í matamálinu úr hendi gagnaðila, þar eð væntanleg yfirmatsgjörð sé hugsuð sem málskjal til framlagningar í dómsmáli því sem eigandi Einarsness hefur höfðað fyrir aukadómþingi Mýrasýslu. Verði þá væntanlega tekin afstaða til málskostnaðargreiðslu í því máli.“

Síðar segir áfram í matsgerðinni:

„Lögmenn aðilja hafa lagt fram margvísleg gögn fyrir yfirmatsnefndina, þar á meðal skýrslur um laxveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði árin 1946 - 1985 og um laxveiði fyrir landi Einarsness árin 1947 - 1985. Þá hafa lögmenn aðilja lagt fram greinargerðir og flutt málið munnlega fyrir yfirmatsnefndinni.

Með bréfi, dags. 23. apríl 1986, leitaði yfirmatsnefnd umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar í málinu, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Umsögn nefndra aðilja er dagsett 22. maí 1986. Í henni kemur fram, að þeir eru sammála um það álit, að túlka beri orðin „að mestu eða öllu“ í 1. mgr. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 svo, að veiði eiganda beri bætur samkvæmt téðu lagaákvæði ef hann hefur misst 60% eða meira af veiði vegna þess að lögin fyrirumuni honum að nota þá veiðiaðferð er hann áður mátti einni viðkoma.

Sýslusjóður Mýrasýslu byggir kröfur sínar í málinu m.a. á því að skerðing á laxveiðimöguleikum Einarsness séu, a.m.k. frá árinu 1982, ekki svo mikil að réttmætt sé að heimfæra hana undir 1. sbr. 2. mgr. 95. gr. laxveiðilaganna. Frekar beri að heimfæra hugsanlegt tjón veiðieiganda undir 3. mgr. fyrrgreindrar 95. gr.

Einnig er því haldið fram sem sjálfstæðri sýknuástæðu að laxveiði í Einarsnesi hafi á nýjan leik stóraukist og veiðimöguleikar batnað svo, að

óvíst sé að jörðin eigi nokkurn rétt til bóta, þegar borið er saman við veiði annarra jarða, sem engar bætur hafa hlotið.

Af hálfu sýslunefndarinnar hefur því og verið haldið fram og á því byggðar sýknukröfur, að verulegar breytingar hafi orðið á rennsli Hvítár eftir að brú var gerð yfir Borgarfjörð sem valdi því að skaðabótaskylda sýslunnar sé hugsanlega ekki lengur til staðar eða að minnsta kosti að tjónið sé ekki svo verulegt að það verði heimfært undir 1. tölul. 95. gr. laxveiðilaganna, heldur þá öllu frekar undir 3. mgr. hennar.

Þá er af hálfu sýslunefndarinnar vakin athygli á því að ós Hvítár hafi verið færður til muna neðar og við það skapast nýir veiðimöguleikar fyrir landi Einarsness.

Lögmaður sýslunefndarinnar heldur því fram að leggja beri kostnað af yfirmati þessu á ríkissjóð.

Samkvæmt útreikningum byggðum á tölum um heildarlaxveiði á vatnsvæði Hvítár annars vegar og tölum um veiði fyrir landi Einarsness hins vegar eru yfirmatsmenn á einu máli um það að veiðieigandi hafi öll árin 1982 - 1985 misst veiði „að mestu“ í skilningi 1. mgr. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Hann á því rétt á skaðabótum skv. 2. mgr. 95. gr. nefndra laga. Ber Sýslusjóði Mýrasýslu að greiða þær bætur að hálfu samkvæmt téðu lagaákvæði. Þótt ós Hvítár hafi með yfirmatsgerð 6. desember 1977 verið færður neðar og við það hafi skapast nýir veiðimöguleikar fyrir landi Einarsness, þá er það óviðkomandi hinu svonefnda bakkaákvæði 35. gr. margnefndra laga og á því ekki að skerða bótarétt eiganda Einarsness.

Samkvæmt þessu hefir yfirmatsnefnd orðið sammála um að meta eiganda Einarsness sömu skaðabætur úr hendi Sýslusjóðs Mýrasýslu fyrir árin 1982 - 1985 og hann hefur fengið greiddar úr ríkissjóði.

Bæturnar eru miðaðar við verðlag hvers árs.

Sýslusjóði Mýrasýslu er og gert að greiða eiganda Einarsness lögmannskostnað fyrir yfirmatsnefndinni, kr. 80.000,00.

Sýslusjóður Mýrasýslu á að greiða þóknun til yfirmatsmanna, enda er eigi unnt að leggja þann kostnað á ríkissjóð, þar sem hann er ekki aðili að matsmáli þessu, og hefir þar að auki reglulega greitt eiganda Einarsness sinn helming skaðabótanna...

Matsorð:

Sýslusjóður Mýrasýslu greiði eiganda Einarsness skaðabætur samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði fyrir árin 1982 - 1985 sem hér segir:

Fyrir árið 1982 kr. 74.690,00

Fyrir árið 1983 kr. 138.176,00

Fyrir árið 1984 kr. 194.200,00

Fyrir árið 1985 kr. 276.000,00

Bæturnar eru miðaðar við verðlag hvers ár.

Sýslusjódurinn greiði eiganda Einarsness lögmannskostnað fyrir yfirmatsnefndinni, kr. 80.000,00, svo og þóknun til yfirmatsmanna.“

Í framhaldssök gerði stefnandi þær kröfur á hendur stefnda að stefndi greiddi honum bætur fyrir veiðiskerðingu árin 1984 og 1985, sömu fjárhæðir og greinir í matsorði yfirmatsmanna.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að um greiðsluskyldu stefnda fari eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Matsmenn skv. 94. gr. sömu laga eigi úrskurðarvald um það hvort um bótagreiðslu fari eftir 1. og 2. mgr. eða 3. mgr. 95. gr. laganna. Um þetta atriði hafi matsmenn úrskurðað á sama veg allt frá árinu 1973, síðast 25. júní 1986. Stefndi hafi mótmælt því að um bætur eigi að fara eftir 1. og 2. mgr. Matsmenn hafi tekið afstöðu til þeirra mótmæla og hafnað þeim.

Sú niðurstaða að sýslusjóður og ríkissjóður beri bótaskyldu gagnvart stefnanda breytist ekki á milli ára, hún færist ekki til annarra aðila þótt bótafjárhæðin breytist. Bótaskyldan hafi verið ákveðin í eitt skipti fyrir öll af gerðardómi, þótt bótafjárhæðin hafi ekki verið ákveðin með sama hætti. Yfirmatsmenn hefðu nú getað ákveðið bótafjárhæðina í eitt skipti fyrir öll en það hafi þeir ekki gert, heldur tiltekið bætur fyrir hvert ár frá 1982 til 1984, en krafist sé að stefndi greiði þær fjárhæðir. Stefndi sé bundinn af mati yfirmatsmanna um það að bótaskyldan fari eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Stefndi hafi aldrei gert ágreining um valdsvið yfirmatsmanna, en niðurstaða þeirra sé bindandi fyrir aðila og verði ekki borin undir dómstóla. Verði ekki á þá skoðun fallist sé þó ljóst að stefndi beri sönnunarbyrðina um það að bótskylda stefnda sé ekki fyrir hendi.

Engu máli skipti um bótaskyldu stefnda að nýir veiðimöguleikar hafi skapast fyrir landi Einarsness með nýrri ákvörðun um ós Hvítár og smíði brúar yfir Borgarfjörð, eins og skýrt komi fram í mati yfirmatsmanna.

Bótskylda samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi við þegar um sé að ræða friðunaraðgerðir veiðifélaga sem skerði veiðimöguleika einstakra eigenda veiðiréttinda öðrum fremur.

Miðað sé við að bætur fyrir hvert ár gjaldfalli 1. desember, enda sé þá hæfilegur tími liðinn frá lokum veiðitímabils.

Stefnda beri að greiða verðbætur frá þeim tíma til greiðsludags á þær fjárhæðir sem ákveðnar hafi verið í bætur hvert ár fyrir sig. Sú skylda byggist á þeirri meginreglu í bótarétti að sá sem vanefni skuldbindingu sína við annan mann á ólögmetan hátt sé honum skaðabótaskyldur fyrir öllu því tjóni sem eigi rót sína að rekja til hinnar ólögmetu vanefndar. Dráttarvextir séu lögmetar skaðabætur vegna vanefnda á skyldu til peninga-

greiðslu. Sanni kröfuhafi að vanefnd hafi valdið sér meira tjóni en dráttarvöxtunum nemi geti hann samkvæmt meginreglunni um fullar bætur fengið allt tjón sitt bætt, standi það í því orsakasambandi við vanefndina að bæta beri og eins að fjárhæð tjóns sé nægilega sönnuð.

Ljóst sé að nafnverð peningakröfu rýrni að raunvirði í verðbólgunni sé krafan ekki greidd. Tjón vegna verðrýrnunar sem verði eftir að ólögmaet vanefnd sé hafin beri skuldara að bæta.

Sönnun um verðrýrnun sé háð vandkvæðum því að verðrýrnun gjaldmiðils verði aldrei mæld af fullkominni nákvæmni. Sönnunarvandkvæðin geti þó ekki leitt til þess að hafna beri bótum. Hljóti að mega miða við að lánskjaravísitala ákveðin af Seðlabanka Íslands sé haldbesti mælikvarðinn á verðrýrnunina sem völ sé á.

Við þetta bætist að í málinu sé krafist eignarnámsbóta og skilyrðum stjórnarskrárinnar um fullt verð sé ekki fullnægt nema bætur miðist við verðlag á greiðsludegi. Fullar bætur fáist því ekki ef eignarnámsþoli þurfi sjálfur að bera það tjón sem verði vegna verðrýrnunar bótafjárhæðar frá þeim degi að eignaskerðing verði til greiðsludags. Þetta atriði eitt út af fyrir sig eigi að nægja til þess að aðalkröfuna beri að taka til greina.

Samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl. skuli dráttarvextir vera 5% ársvextir þegar verðtrygging haldist á gjaldfallinni upphæð, en þessar ákvarðanir gildi utan innlánsstofnana. Krafa sé gerð til að þessir vextir verði dæmdir á verðbætta stefnufjárhæðina fram til dómtökudags en dómvextir frá þeim degi.

Þá sé þess krafist að áföllnum vöxtum sé bætt við höfuðstól um hver áramót, en slíkt sé nauðsynlegt til þess að þeir verði jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þetta sé orðað í 1. gr. laga nr. 56/1979.

Varakrafa stefnanda styðjist við sömu skýringar á vöxtum og að framan greini.

Þá sé sérstaklega krafist málskostnaðar stefnanda vegna mats yfirmatsmanna að fjárhæð kr. 80.000,00 auk 27% ársvaxta frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags.

Vaxta sé krafist af málskostnaði í máli þessu en engin efni séu til að telja að sú krafa beri ekki dráttarvexti eins og hver önnur gjaldfallin peningakrafa.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnandi hafi ekkert tjón beðið þau ár sem krafist er bóta fyrir. Með mati á ós Hvítár hinn 6. desember 1977 hafi ósinn verið færður marga kílómetra neðar í ána. Þá hafi brúargerðin yfir Borgarfjörð gert það að verkum að nýir veiðimöguleikar hafi komið til fyrir landi Einarsness, og hafi þeir verið nýttir. Þá beri þess að gæta að ýmsar friðunarráðstafanir hafi komið til sögunnar sem ekki hafi verið í gildi áður. Ekki verði séð að stefnandi hafi orðið fyrir neinu tjóni.

Þá er því haldið fram af stefnda að ákvæði þau í lax- og silungsveiðilögum er takmarki rétt manna til veiða séu almenn friðunarákvæði sem menn verði að sætta sig við bótalaust.

Þótt lítið yrði svo á að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem bótaskyld sé eigi stefndi ekki að greiða þær bætur.

Fyrsta og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 kveði á um að sá sem misst hafi veiði að mestu eða öllu eigi rétt til bóta úr hendi sýslusjóds og ríkissjóds. Upplýsingar um veiði fyrir landi Einarsness sýni að veiði hafi ekki tapast að mestu eða öllu. Þótt miðað sé við það mark að 60% skerðing á veiði þýði að tapa veiði að mestu eða öllu, þá hafi ekki farið svo fyrir eiganda Einarsness. Þetta mark sé þó út í bláinn sett og eigi ekki við nein rök að styðjast. Skerðingin sé mun minni en 60%. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að um skerðingu verði að miða við skert aflamagn en ekki arð af veiði.

Um deilu aðila fari eftir lax- og silungsveiðilögunum nr. 76/1970, en ekki lögunum nr. 53/1957. Gerðardómssamningur aðila frá árinu 1959 sé því niður fallinn.

Stefndi heldur því fram að 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 hafi ekki stjórnskipulegt gildi. Það brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar að leggja á sýslusjód skyldu til að greiða bætur vegna skerðingar á eignarréttindum, en skerðingar þessar komi einungis fáum þegnum sýslufélagsins til góða. Einungis 102 jarðir í Mýrasýslu njóti góðs af friðun þeirri sem skerðingin hafi í för með sér. Þótt löggjafinn hafi heimild til þess að leggja bótaskyldu á ríkissjód sé engan veginn víst að hann hafi heimild til þess að leggja bótaskyldu á sýslusjód og því haldið fram að svo sé ekki.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að eigi stefnandi rétt á bótum þá fari um bótaskylduna eftir 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970. Mat yfirmatsmanna á því undir hvaða ákvæði 95. greinarinnar veiðiskerðing falli sé hvorki bindandi né endanlegt.

Stefndi hafi ekki eftir setningu laganna nr. 76/1970 fallist á það að yfirmatsmenn störfuðu sem gerðardómsmenn og sé ekki né hafi verið bundinn af niðurstöðum þeirra. Hins vegar hafi hann samkvæmt samkomulagi greitt stefnanda bætur vegna veiðiskerðingar fyrir árin 1970 til 1981.

Engin heimild sé fyrir hendi hvorki að lögum né dómvenju, að dæma verðbætur á skaðabótakröfur, og sé þeirri kröfu stefnanda alfarið mótmælt. Þá sé og mótmælt að vaxtavextir verði dæmdir af kröfu stefnanda, en þess verði að gæta að yfirmatsmenn hafi ákveðið bótafjárhæðir miðað við verðlag hvers árs. Þá sé því mótmælt að vexti eigi að dæma af málskostnaði fyrir yfirmatsmönnum, en um sé að ræða hluta af málskostnaði í þessu máli og sömuleiðis beri málskostnaður ekki vexti.

Við ákvörðun málskostnaðar til handa stefnda eigi að taka tillit til þess

að hann hafi greitt yfirmatsmönnum þóknun kr. 109,550,00 og kr. 3.800,00 í kostnað.

Niðurstæða dómsins.

Í máli þessu er deilt um það hvort stefnandi, Óðinn Sigþórsson, núverandi eigandi jarðarinnar Einarsness í Mýrasýslu, og fyrri eigendur jarðarinnar, hafi orðið fyrir tjóni vegna skerðingar á veiðiréttindum fyrir landi jarðarinnar í Hvítá í Borgarfirði árin 1982 - 1985 og ef svo er, hvert tjónið sé, hvort tjónið sé bótaskyld að lögum og hvort stefnda beri að greiða þær bætur.

Þá er deilt um það hvort dæma beri verðbætur á umkrafðar skaðabætur, hvort dæma beri vaxtavexti og hvernig skuli fara með málskostnað.

Því er ekki haldið fram af aðilum að gerðardómur sá sem kveðinn var upp 29. september 1959 hafi réttarverkanir í deilu aðila í þessu máli að öðru leyti en því að stefnandi heldur því fram að með honum hafi verið ákveðið í eitt skipti fyrir öll að stefndi væri bótaskyldur gagnvart eiganda Einarsness fyrir skerðingu á veiðiréttindum hans í Hvítá. Þvert á móti er því haldið fram af hálfu stefnda að gerðardómssamningur aðila frá árinu 1959 hafi fallið niður þegar lög nr. 76/1970 tóku gildi og hafi yfirmatsmenn samkvæmt 94. gr. laganna ekki haft frá árinu 1970 heimild til þess að ákveða bætur fyrir veiðiskerðingu sem gerðardómsmenn.

Því var ekki haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins að stefnda bæri að greiða stefnanda bætur fyrir skerðingu á veiðiréttindum á grundvelli samkomulags stefnda og eiganda Einarsness um að bætur sem metnar voru árið 1976 skyldu framreiknaðar til verðlags hvers árs sem bóta er krafist fyrir og fjárhæð þannig fundin greidd sem bætur. Stefnandi byggir nú bótakröfur sínar á mati yfirmatsmanna frá 25. júní 1986.

Báðir aðilar halda því fram að réttarsamband þeirra fari eftir lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði en ekki eftir lögum nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði sem felld voru úr gildi með lögum nr. 76/1970.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að sú skerðing sem orðið hafi á veiðum fyrir landi Einarsness vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957, nú 35. gr. laga nr. 76/1970 hafi haldist óbreytt frá upphafi til þessa dags.

Þótt svo sé tekið til orða í 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 að hafi veiðieigandi er veiði áttu áður en lögin komu til framkvæmda misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök að lögin fyrirhafi honum að nota þá veiðiaðferð er hann áður mátti einni við koma, eigi hann rétt á skaðabótum eftir mati sbr. 94. gr. laganna, þó verður að líta svo á að sá bótaréttur sem mælt er fyrir um nái einnig til þeirrar skerðingar sem varð þegar við setningu laga nr. 53/1957 og enn stendur, hafi bætur eigi verið

greiddar að fullu, nema hlutaðeigandi hafi um annað samið svo gilt sé að lögum.

Eftir að lög nr. 76/1970 tóku gildi hefur í fimm skipti farið fram mat á tjóni eiganda Einarsness vegna veiðiskerðingar. Tjón var talið vera fyrir hendi, um bótaskyldu færi eftir 1. og 2. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 og bætur greiddar í samræmi við 2. tl., þ.e. stefndi greiddi helming bóta og ríkissjóður helming, en um er að ræða bætur fyrir árin 1970 til 1981.

Samkvæmt því sem að framan er rakið þykja lög nr. 76/1970 eiga við um þá bótakröfu sem stefnandi hefur gert á hendur stefnda í þessu máli.

Stefndi heldur því fram að hann beri að sýkna af þeim ástæðum að greiðsluskylda sú sem honum sé lögð á herðar í 2. tl. sbr. 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar og hafi því ekki stjórnskipulegt gildi.

Telja verður að afskipti löggjafarvaldsins af málefnum sýslusjóðs geti verið þess eðlis að þau séu ekki samrýmanleg ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Það mun að vísu rétt að einungis hluti sýslubúa nýtur beint góðs af þeirri veiðifriðun sem ætla má að veiðiskerðing sú sem sýslusjóði er ætlað að bæta að hluta hafi í för með sér. Engu að síður verður að telja sýslusjóð þess konar aðila og þá kvöð sem löggjafinn hefur með framangreindum lagaákvæðum lagt á þennan sameiginlega sjóð sýslubúa allra þess efnis að hún brjóti ekki í bága við þann rétt sem tryggður er með 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í greinargerð í framhaldssök var því haldið fram af hálfu stefnda að bætur til stefnanda bæri að ákvarða í eitt skipti fyrir öll, væri bótaskylda á annað borð fyrir hendi, og sett fram krafa um að svo yrði gert í máli þessu. Til frádráttar þeirri bótafjárhæð ættu að koma bætur þær sem stefnandi hefur fengið greiddar frá upphafi.

Stefndi hélt því og fram í greinargerð í framahldssök að um greiðslu bóta færi eftir lögunum um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917 yrði hann dæmdur bótaskyldur gagnvart stefnanda. Samkvæmt þeim lögum sé óheimilt að ákveða bótagreiðslu sem árlegar greiðslur.

Þessari kröfugerð var að vísu ekki haldið uppi við munnlegan flutning málsins, en engu að síður þykir rétt að dómurinn taki afstöðu til hennar.

Þessari kröfu stefnda verður að hafna þegar af þeirri ástæðu að nær allur málalíbúnaður er þess eðlis að krafan verður ekki á honum reist. Krafan er ódómhæf í þessu máli af þeim sökum.

Eins og fyrr greinir varð sú niðurstaða í gerðardóminum frá 29. september 1959, en eigandi Einarsness og stefndi áttu báðir aðild að gerðardómsmálinu, að ótækt væri að dæma þeim sem orðið höfðu fyrir bótaskyldri skerðingu á veiðiréttindum bætur í eitt skipti fyrir öll eins og lög nr. 53/

1957 gerðu ráð fyrir, en þess í stað kveðið á um greiðslu árlegs gjalds til tjónþola. Þessi niðurstaða gerðardómsins leiddi til þess að eigandi Einarsness fékk greiddar árlegar bætur fyrir veiðiskerðingu frá árinu 1958 til ársins 1981.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu að því er varðar fyrirkomulag á greiðslu bóta á því að yfirmatsmenn hafi enn ákveðið bætur sem árlegar greiðslur, og eftir þeirri ákvörðun beri að fara. Eins og mál þetta liggur hér fyrir dómnum verður að fallast á þessa málsástæðu stefnanda.

Eins og fyrr er rakið er niðurstaða yfirmatsmanna samkvæmt matsgerð þeirra frá 25. júní 1986 sú að eigandi Einarsness hafi öll árin 1982 til 1985 misst veiði fyrir landi jarðarinnar að mestu eða öllu í skilningi 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Þá niðurstöðu byggja yfirmatsmennirnir á útreikningum á heildarlavxveiði á vatnasvæði Hvítár annars vegar og veiði fyrir landi Einarsness hins vegar.

Yfirmatsmenn telja að nýir veiðimöguleikar sem skapast hafi vegna þess að ós Hvítár var færður neðar með mati yfirmatsmanna frá 6. desember 1977 eigi ekki að hafa áhrif á rétt eiganda Einarsness til bóta.

Þá meta yfirmatsmenn eiganda Einarsness bætur fyrir hvert áruna fjögurra miðað við verðlag hvers árs.

Á það ber að fallast með stefnda að mat yfirmatsmanna sé ekki endanlegt um þau atriði sem meta skal samkvæmt lögum nr. 76/1970, en lögin verða ekki skilin svo að þau ætli yfirmatsmönnum endanlegt úrskurðarvald. Það sem metið hefur verið verður því lagt undir úrskurð dómara. Hins vegar er mat yfirmatsmanna þýðingarmikið sönnunargagn um þau atriði sem metin hafa verið og verður þá sá sem ekki unir niðurstöðum að hnekkja þeim með einhverjum hætti.

Dómurinn telur að nýir veiðimöguleikar sem skapast hafa við tilfærslu á ósi Hvítár og brúargerð yfir Borgarfjörð og þar með aukin veiði fyrir eiganda Einarsness eigi ekki að hafa áhrif á rétt hans til bóta þeirra sem um er deilt í máli þessu. Líta verður svo á, enda ekki annað leitt í ljós, að hinir nýju möguleikar hefðu aukið veiði jafnmikið þótt veiðin hefði ekki skerst vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 sbr. nú 35. gr. laga nr. 76/1970. Aukin veiði vegna nýrra veiðimöguleika verður því ekki notuð til þess að jafna skerðinguna. Eigandi Einarsness á rétt á að njóta einn þess hag-ræðis og þeirra tekna sem nýir veiðimöguleikar hafa í för með sér.

Í málinu hafa verið lagðar fram upplýsingar um veiði í net í Hvítá fyrir landi Einarsness árin 1947 til 1985 að fjórum árum fráöldum, en sú ein veiðiaðferð mun þar tíðkast. Ennfremur hafa verið lagðar fram upplýsingar um það hvernig veiði á árunum 1978 til 1985 fyrir landi Einarsness skiptist á milli hinna nýju veiðistaða sem urðu til þegar ós Hvítár var færður neðar árið 1977 og þeirra sem áður voru fyrir hendi. Þá hafa verið lagðar fram

upplýsingar um heildarveiði á vatnasvæði Hvítár ofan óss hennar árin 1946 til 1984 og skiptingu hennar í netaveiði og stangaveiði. Á þessum upplýsingum verður að byggja enda ekki öðrum betri til að dreifa.

Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar og þá sérstaklega hlutfall veiði fyrir landi Einarsness af heildarveiði á vatnasvæði Hvítár annars vegar, áður en lög nr. 53/1957 tóku gildi og hins vegar árin 1982 til 1984 á eldri veiðistöðunum svo og veiði þar árið 1985, þykir mega fallst á það með yfirmatsmönnum að skerðing veiði árin 1982 - 1985 sé svo mikil að hún falli undir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 og stefnandi eigi því rétt á bótum samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt þessu verður heldur ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að stefnandi hafi ekkert tjón beðið vegna veiðiskerðingar.

EKKI verður heldur fallist á þá málsástæðu stefnda að skerðing sú sem hefur orðið á veiði fyrir landi Einarsness verði að teljast almennar friðunar- aðgerðir sem eiganda jarðarinnar beri að þola bótaalaust.

Yfirmatsmenn hafa komist að ákveðinni niðurstöðu um það hvert tjón eiganda Einarsness hafi verið árin 1982 til 1985. Þær fjárhæðir munu að vísu vera hinar sömu og framreiknaðar bætur eiganda Einarsness árið 1976 samkvæmt mati frá 13. júní 1977 til hvers árs fyrir sig nema, en niðurstöður yfirmatsmanna þurfa ekki að vera ótrúverðugar fyrir þá sök. Þar sem ekkert hefur verið leitt í ljós um það að hér sé ekki um að ræða réttar bótafjárhæðir, eftir því sem næst verður komist, þykir óhætt að byggja á þeim niðurstöðum í þessu máli. Kröfur stefnanda verða því að þessu leyti teknar til greina.

Stefnandi hefur gert kröfu til þess að stefndi verði dæmdur til að greiða álag á skaðabæturnar til jafns við hækkun á lánskjaravísitölu eins og hún hefur orðið á hverjum tíma. Stefnandi rökstyður þessa kröfur sína m.a. með því að sá dráttur sem hafi orðið á greiðslu stefnda hafi vegna verðyrnunar krónunnar bakað sér meira tjón en lögmæltir dráttarvextir fái bætt, en hann eigi samkvæmt meginreglu skaðabótaréttarins um fullar bætur tjóns að fá verðyrnunina að fullu bættu auk lögmæltra vaxta af gjaldföllnum verðtryggðum kröfum. Til sömu niðurstöðu leiddi ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um fullar bætur, þar sem hér sé um eignarnámsbætur að ræða.

Aðilar máls þessa hafi ekki samið um að bætur sem stefndi greiði stefnanda skuli verðtryggðar. Stefnandi á ekki að lögum rétt á frekari bótum fyrir verðyrnun en þeim sem felast í lögmæltum dráttarvöxtum.

Þótt svo kunni að vera að bæturnar skoðist sem eignarnámsbætur í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar þykir það ekki breyta því, eins og hér er háttað málum, að stefnandi er á sama hátt og stefndi ennþá bundinn af því fyrirkomulagi sem upp var tekið um árlegt gjald sem bætur í stað eingreiðslu bóta, og þykir því verða að sætta sig við að miðað sé við það

gjald sem endanlega er ákveðið fyrir ár hvert, án tillits til þess hvenær það er greitt.

Krafa stefnanda um greiðslu álags til jafns við hækkun á lánskjaravísitölu verður því ekki tekin til greina.

Stefndi hefur ekki mótmælt varakröfu stefnanda um vexti af bótakröfunni að því er varðar vaxtafót og upphafstíma vaxta, en mótmælir því að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Taka ber til greina varakröfu stefnanda um greiðslu vaxta þó þannig að einungis vöxtum sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 1. febrúar 1985 skal bætt við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti frá þeim degi að telja, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands dags. 18. janúar 1985 um breytingu á auglýsingu um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 20. desember 1984 með áorðnum breytingum.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.000,00 þar með talinn kostnaður stefnanda af mati yfirmatsmanna. Eigi dæmast vextir af þessari fjárhæð.

Friðgeir Björnsson, skipaður setudómari, kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sýslusjóður Mýrasýslu, greiði stefnanda, Óðni Sigþórssyni, kr. 683.066,00 með 45% ársvöxtum af kr. 74.690,00 frá 1. desember 1982 til 21. september 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en með 32% ársvöxtum af kr. 212.866,00 frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1984, en með 19% ársvöxtum af kr. 407.066,00 frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, en með 45% ársvöxtum af kr. 683.066,00 frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986 en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000,00 í málskostnað.

Vöxtum sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 1. febrúar 1985, skal bætt við hann á 12 mánaða fresti frá þeim degi, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.